

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 2009 í máli nr. E-4317/2009:

Logi Már Hermannsson

(Erlendur Þór Gunnarsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu.

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 2. nóvember 2009, var höfðað með birtingu stefnu þann 1. apríl 2009. Stefnandi er Logi Már Hermannsson, kt. 000000-0000, [.....], Reykjavík. Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 700.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 2. maí 2009 til greiðsludags.

Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið sé eigi gjafsóknarmál. Þá er þess krafist að tekið verði tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málsflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er þess krafist að stefnukröfurnar verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Málavextir eru þeir að stefnandi var handtekinn á heimili sínu síðdegis þann 4. nóvember 2008. Í kjölfar handtöku gekkst hann undir réttarlæknisfræðilega skoðun. Hann var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sama kvöld úrskurðaður í

gæsluvarðhald til 11. nóvember s.á. Hann var grunaður um að hafa nóttina áður, ásamt þremur öðrum mönnum, nauðgað 17 ára gamalli stúlku. Meint brot varðaði allt að 16 ára fangelsi og var talið mega heimfæra undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Stefnanda var sleppt úr gæsluvarðhaldi eftir tvo daga, þ.e. þann 6. nóvember 2008. Með bréfi, dags. 30. janúar 2009, tilkynnti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu stefnanda að lögreglan hefði hætt rannsókn málsins þar sem ekki þætti lengur grundvöllur til að halda rannsókninni áfram, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Aðdragandi ofangreindrar handtöku og gæsluvarðahalds var eftirfarandi: Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá aðfaranótt þriðjudagsins 4. nóvember 2008 barst lögreglu tilkynning kl. 3:37 um að 17 ára stúlku hefði verið nauðgað. Hefði henni verið „hent út úr“ bifreið á bifreiðastæði við verslanamiðstöð við Löngurima í Reykjavík en gerendur, sem væru þrír talsins, væru í bifreiðinni á leið brott úr Grafarvogshverfinu. Örskömmu síðar var bifreiðin stöðvuð á Höfðabakka og voru mennirnir handteknir og færðir á lögreglustöð. Fóru lögreglumenn að Löngurima og hittu stúlkuna sem þar stóð á bifreiðastæðinu. Var hún mjög ölvuð að sjá. Hún var ekki grátandi, en í nokkru uppnámi, talaði viðstöðulaust og fór úr einu í annað. Var erfitt að fá framburð hennar, en hún sagði fjóra menn hafa nauðgað sér í húsi sem væri í hverfinu ofan við Sundahöfn.

Stúlkan sem um ræðir var ákærð fyrir rangar sakargiftir. Hún var sýknuð af þeim kröfum ákæruvaldsins með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 2009. Fyrir dómi í því máli lýsti stúlkan atburðunum sem urðu tilefni handtöku og gæsluvarðhaldsúrskurðar stefnanda svo: Hún hafi verið með vinkonu sinni, á veitingastað í Kópavogi kvöldið sem um ræðir og hitt þar fyrir utan þrjá stráka sem kynntu sig sem Binna, Kalla og Trausta. Hefðu þær farið með strákunum heim til eins þeirra. Þegar þangað kom hefðu þau farið að spjalla. Hundur sem Binni átti hefði verið þarna í íbúðinni og hefði hundurinn farið að naga skó hennar. Stúlkan sagðist hafa skammað hundinn vegna þessa, en Binni tekið því illa, tekið í hana og hrist hana. Sagðist hún hafa verið smeyk við Binna eftir þetta. Skömmu eftir þetta atvik hefði fjórði maðurinn, Logi, komið í íbúðina. Trausti hefði beðið hana að koma með sér inn í herbergi og hefði hún fylgt honum þangað. Hefði Binni komið inn í herbergið til þeirra. Binni hefði hjálpað henni úr fötunum og sagt henni að hafa munnmök við Trausta. Hann hefði rífið í hár hennar, látið hana hafa munnmök við Trausta og sett fingurna í leggöng hennar. Hún hefði ekki þorað annað en að gera þetta. Þegar það var afstaðið hefði Trausti farið að klæða sig og hún ætlað að gera það sama, en Binni stöðvað hana og sagt að þetta væri ekki búið. Þá hefði Logi komið inn, afklæðst og lagst niður. Hefði Binni sagt henni að hafa munnmök við Loga en hún neitað því. Binni hefði þá rífið í hár hennar og síðan hefði allt gengið fyrir sig eins og í fyrra skiptið. Þegar þessu lauk hefði Kalli komið inn í herbergið og lagst upp í rúmið. Í því hefði vinkona hennar opnað hurðina á herberginu og hefði Binni þá rokið út. Eftir smástund hefði Kalli staðið á fætur og hefðu þau klætt sig og farið fram. Stúlkan sagði að á meðan á þessu stóð inni í herberginu hefði Binni „mokað“ í hana amfetamíni. Hún hefði jafnframt verið búin að neyta áfengis, hefði hún drukkið um það bil fjóra bjóra fyrr um kvöldið. Hún sagðist ekki hafa orðið þess vör að verið væri að taka samskipti hennar við mennina

upp á síma. Hún sagðist ekki vefengja þær upptökur sem lögju fyrir í málinu, en gæti lítið um þær sagt þar sem hún myndi ekki eftir þessu. Minni sitt hafi verið orðið lélegt undir lokin en upptökurnar sem um ræðir séu frá því eftir að kynferðisathöfnunum lauk, þegar hún hélt að allt væri yfirstaðið. Fram kom í sakamálinu að atburðirnir höfðu mikil og vond áhrif á líf stúlkunnar sem átti í hlut.

Meðal gagna málsins er matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 10. desember sl., þar sem fram kemur að í blóðsýni sem tekið var úr stúlkunni við læknisskoðun á Neyðarmóttöku mældist magn alkóhóls 0,99 ‰. Þá mældust 700 ng/ml af amfetamíni í blóði ákærðu. Magn alkóhóls í þvagsýni mældist 1,40 ‰. Fram kom að eitrunarmörk séu miðuð við 200 til 400 ng/ml og í öllum tilvikum sé talið um eitrun að ræða ef magnið fer yfir 400 ng/ml. Þá kom fram að ef meira en 1.000 ng/ml mælist í blóði látins manns er talið að amfetamíneitrun skýri andlát. Amfetamín hafi bæði líkamleg áhrif og áhrif á miðtaugakerfið, svo sem hækkaðan blóðþrýsting, aukinn hjartslátt o.fl. Sá sem þess neytti yrði gjarnan mjög ör, hugsanir væru ekki í góðu samhengi og líkur væru á ofskynjunum og ofsjónum. Einnig gæti amfetamín haft þau áhrif að auka kynhvöt. Áhrifin yrðu almennt enn sterkari hjá 17 ára stúlku sem hefði ekki myndað þol gegn amfetamíni.

Þá eru meðal gagna málsins tvær hljóðupptökur sem fundust í tveimur öðrum farsímum. Á upptökunni í öðrum farsímanum heyrir kona segja eftirfarandi: „Ég ætla að fucking fá það, einhvern bónus skilurðu. Annars fæ ég fyrir málið og segi algjör nauðgun skilurðu.“

Í sakamálinu báru vitni sálfræðingar og læknir sem annaðist stúlkuna á Neyðarmóttöku. Bar þeim ásamt móður stúlkunnar öllum saman um að hún hafi sýnt einkenni áfallastreituröskunar eða þess að hafa mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Slík einkenni kæmu yfirleitt fram í kjölfar eins atviks sem hefði áhrif á einstakling þannig að hann yrði hræddur, upplifði mikla ógn eða skelfingu. Þessi einkenni hefðu komið fram strax daginn eftir og verið viðvarandi eftir það.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína um skaðabætur á því að þegar við handtöku þann 4. nóvember 2008 hafi hann greint frá því að unnt væri að sýna fram á sakleysi hans með því að skoða farsíma í hans eigu. Hann kveðst hafa kært úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar en áður en Hæstiréttur felldi dóm í málinu hafi hann verið leystur úr haldi, þ.e. tveimur dögum eftir úrskurð um gæsluvarðhald. Hann kveður lögregluna ekki hafa kannað efni farsímans fyrr en 6. nóvember og þá hafi komið í ljós að frásögn hans hafi verið á rökum reist sem leiddi til þess að ekki hafi verið frekari skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi.

Stefnandi telur að hann hafi verið látinn sæta ólögsmætu gæsluvarðhaldi. Lögreglu hafi verið í lófa lagið að kanna þau gögn sem síðar urðu til þess að sýna fram á sakleysi hans, áður en farið var fram á gæsluvarðhald yfir honum. Stefnandi kveðst telja að könnun á farsíma hans sé mjög einföld aðgerð sem eigi ekki að taka nema nokkrar mínútur.

Stefnandi leggur áherslu á að hann hafi frá upphafi verið mjög samvinnufús. Hann hafi strax látið lögreglu vita um farsímann og þær upplýsingar sem hann hefði að geyma. Hann kveður vinnubrögð lögreglu óafsakanleg að þessu leyti, sérstaklega þegar haft sé í huga að háttsemi sú sem hann hafi verið sakaður um sé mjög alvarleg og valdi gríðarlegum álitshnekki. Stefnandi kveðst hafa þurft að dvelja í fangaklefa í tvo sólarhringa og allan þann tíma verið í mikilli óvissu um framtíð sína og frelsi auk þess að vera þjakaður af áhyggjum og vanlíðan yfir að vera ranglega sakaður um svo alvarlegan glæp gegn stúlku undir lögaldri Hefði lögreglan kannað farsíma hans strax hefði verið unnt að komast hjá þessu og fella málið niður strax.

Þá finnur stefnandi að því að hafa haft réttarstöðu sakbornings á meðan á rannsókn málsins stóð og allt til 30. janúar 2009 þegar lögreglan tilkynnti með bréfi að málið væri niður fallið.

Kröfu sína um miskabætur vegna handtöku og gæsluvarðhalds rökstyður stefnandi með vísan til 1. málsliðar 1. mgr. 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann bendir á að jafnvel þótt dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að nægt tilefni hafi verið til þeirra þvingunarráðstafana sem hann hafi sætt komi b. liður 176. gr. laganna ekki í veg fyrir að hann eigi rétt til bóta þar sem sá réttur sé verndaður í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hann kveður að túlka beri 2. málslið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 þröngt, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi kveðst ekki hafa framið þau brot sem honum hafi verið gefin að sök. Ekkert sé fram komið í málinu sem geti réttlætt að bætur til hans verði felldar niður að hluta til eða að öllu leyti.

Þá vísar stefnandi til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um ólögsmæta meingerð gegn æru um að réttur til miskabóta hafi stofnast vegna aðgerða stefnda. Hann telur að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér og sé því krafa hans um 700.000 króna miskabætur hófleg.

Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við III.og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

IV.

Sýknukröfu sína rökstyður stefndi svo að upphaflegar rannsóknaraðgerðir lögreglu, m.a. handtaka og gæsluvarðhald stefnanda, hafi verið lögmætar og eðlilegar aðgerðir. Þær hafi verið í fullu samræmi við sakarefni, lýsingar meints brotaþola á málsatvikum í frumskýrslum lögreglu og nauðsynlegar í ljósi fjölda þeirra einstaklinga sem kunnu að eiga aðild að málinu. Málið hafi verið á frumstigi og fyrir hafi legið að taka skýrslu af meintum brotaþola, sem sé ólöggráða, fyrir dómi og framkvæma nauðsynlega tæknivinnu. Því hafi skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, til að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna, verið í einu og öllu fullnægt. Fyrir liggir að stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald kl. 22:30 hinn 4. nóvember og að gæsluvarðhaldi var aflétt síðdegis hinn 6. nóvember þegar ekki þótti lengur tilefni til að hafa hann í gæsluvarðhaldi.

Stefndi leggur áherslu á að rannsóknartíminn hafi verið vel nýttur en taka hefði þurft framburðarskýrslur og annast nauðsynlega tæknivinnu, þar á meðal að fara yfir hljóð- og myndupptökur sem teknar hafi verið á vettvangi í gsm-síma. Í tilfelli stefnanda hafi verið um að ræða hljóðupptöku sem hann hafi tekið eftir að hafa haft kynferðismök við meintan brotaþola inni í herbergi þegar hann átti samtali við vinkonu meints brotaþola frammi á gangi. Fyrir hafi legið að vinkonan hafi verið ósátt við framgang mála. Ljóst hafi verið að lögregla hafi orðið að rýna betur í framburði allra hlutaðeigandi, ásamt því að framkvæma tæknirannsóknir. Mikið hafi borið á milli í framburðum sakborninga innbyrðis m.a. um þátt stefnanda. Rökstuddur grunur um aðild stefnanda að málinu hafi verið fyrir hendi þann tíma sem hann sat í gæsluvarðhaldi. Bótaskilyrðum 175. gr., sbr. 176. gr. laga nr. 19/1991, sé þannig ekki fullnægt í máli þessu. Þá fái á engan hátt staðist staðhæfingar stefnanda um saknæma og ólögmeða háttsemi lögreglu og beri að sýkna af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Stefndi gerir þá varakröfu að miskabótakrafa stefnanda verði stórkostlega lækkuð, enda telur hann kröfuna í engu samræmi við dómvenju. Þá kveður stefndi að það beri að virða til lækkunar að þegar stefnandi var handtekinn vegna málsins hafi þegar legið fyrir handtökubeiðni á hann vegna afplánunar vararefsingar sem hafi tekið við er gæsluvarðhaldi var aflétt. Því hafi verið ljóst að stefnanda hafi ekki beðið frelsi í kjölfar handtökunnar.

Niðurstaða

Í stefnu kvaðst stefnandi byggja bótakröfu sína á 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í munnlegum málflutningi féll hann frá þeim lagagrunni og byggði kröfur sínar á 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sem í gildi voru þegar atburðir þeir gerðust sem eru tilefni málssóknarinnar. Í VI. gr. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 88/2008 eru tekin af öll tvímæli um að beita skuli reglum eldri laga um bætur fyrir það sem gerst hefur fyrir gildistöku laganna. Verður leyst úr máli þessu á þeim grundvelli.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um miskabætur vegna gæsluvarðhalds sem honum var gert að sæta frá 4. til 6. nóvember 2008. Stóð þá yfir lögreglurannsókn vegna nauðgunarkæru móður ólögráða stúlku sem kærði fjóra menn fyrir að hafa nauðgað stúlkunni aðfaranótt 4. nóvember s.á. Af því tilefni voru mennirnir handteknir, yfirheyrðir og í framhaldi úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Rannsókn málsins var hætt og mönnunum, þ.á m. stefnanda tilkynnt 30. janúar 2009 um niðurfellingu málsins.

Stefnandi telur sig hafa sætt gæsluvarðhaldi að ósekju. Hann hafi ávallt haldið fram sakleysi sínu og verið samvinnufús við lögreglu við rannsókn málsins. Einkum leggur stefnandi áherslu á að lögreglu hafi borið að hlusta á upptöku í síma hans þegar í stað er hann hafi greint frá að upptakan sannaði sakleysi sitt. Því hafi skilyrði 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, um að fyrir hendi væri rökstuddur grunur um að hann hafi framið refsivert brot, ekki verið fyrir hendi. Stefnandi gaf ekki skýrslu fyrir dómi í máli þessu.

Stefndi leggur áherslu á að lögregla hafi rannsakað brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga sem geti varðað allt að 16 ára fangelsi. Stefnandi hafi legið undir grun um að hafa ásamt þremur öðrum mönnum nauðgað 17 ára stúlku. Því beri að virða aðgerðir lögreglu í ljósi vitneskju sem lá fyrir á hverjum tíma og séu skilyrði 175. gr. og 176. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ekki uppfyllt.

Í ljós hefur verið leitt fyrir lögreglu, og í sakamáli sem rekið var vegna sömu atburða, að mennirnir fjórir viðurkenndu að hafa hver eftir annan átt kynferðismök við stúlkuna umrætt kvöld. Stúlkan þekkti ekki mennina fyrir atburðinn og sögðu þrír þeirra henni rangt til nafns, þó ekki stefnandi máls þessa. Stúlkan var undir miklum áhrifum amfetamíns og áfengis og mælist amfetamínið langt fyrir ofan eitrunarmörk. Hún bar fyrir rétti að einn mannanna hefði „dælt í sig amfetamíni“, en ólögleg fíkniefni fundust í húsakynnum þar sem atburðurinn átti sér stað.

Stúlkan var ákærð fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga en var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 2009 sýknuð af þeim sakargiftum.

Í 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sem í gildi voru þegar atburðir þeir sem hér er fjallað um áttu sér stað, er mælt fyrir um að taka megi til greina kröfu um bætur ef rannsókn hefur verið hætt og ákæra ekki verið gefin út. Í 2. málslíð 175. gr. segir að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Hæstiréttur hefur túlkað þetta ákvæði, með hliðsjón af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, svo að þeir sem sæta þurfa gæsluvarðhaldi án þess að hafa sannanlega til frelsisskerðingar unnið njóti bótaréttar, nema eitthvað sérstakt komi til sem skerði eða felli hann niður. Réttur stefnanda til bóta fyrir gæsluvarðhald það sem honum var gert að sæta frá 4. til 6. nóvember 2008 ræðst því annars vegar af hvort talið verði að hann hafi sjálfur átt þátt í að skapa þær aðstæður sem réttlættu gæsluvarðhaldið og hins vegar hvort það hafi staðið lengur en efni stóðu til.

Óumdeilt er að stefnandi tók þátt í kynlífsathöfnum með ókunnugri 17 ára stúlku, að kvöldi þess 3. nóvember 2008, sem var undir miklum áhrifum áfengis og amfetamíns. Einnig að honum var kunnugt um að þrír aðrir menn gerðu slíkt hið sama en þeir sögðu allir stúlkunni rangt til nafns. Rannsakað var brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga sem varðað getur allt að 16 ára fangelsi. Grunur hlaut að falla á stefnanda máls þessa, enda upplýst að hann var viðstaddur umrætt kvöld og viðurkenndi þátttöku sína í kynlífsathöfnum er þar fóru fram. Yfirheyrta þurfti nokkurn fjölda meintra gerenda og vitna, auk meints brotaþola. Rannsaka þurfti símaupptökur og lífsýni. Lagaskilyrði eru talin hafa verið fyrir hendi til að handtaka stefnanda af þessu tilefni og úrskurða hann í gæsluvarðhald á grundvelli 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Stefnandi var úrskurðaður í 7 daga gæsluvarðhald en hann var látinn laus að tveimur dögum liðnum þegar ekki var lengur talið að rannsóknarhagsmunir krefðust gæsluvarðhalds.

Þegar þetta er virt heildstætt þykja ekki lagaskilyrði til að dæma stefnanda bætur vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar og er stefndi sýknaður af dómkröfum stefnanda. Ákveðið er að málskostnaður skuli falla niður. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningslaun lögmanns stefnanda Erlends Þórs Gunnarssonar, hdl. sem ákveðin eru 420.000 krónur. Við ákvörðun málflutningsþóknunar hefur verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Mál þetta dæmir Unnur Gunnarsdóttir, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda Loga Más Hermannssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 420.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Unnur Gunnarsdóttir